

Auðbrekka - Þróunarsvæði. Svæði 1, 2 og 3

Auðbrekka 7 - Breytt deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi skv. 3. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Erindi frá skipulags- og umhverfisráði nr. 8, dags 19. maí 2025.
ONE / 25041263

Greinargerð:

Vísað í gildandi deiliskipulag fyrir Auðbrekku - þróunarsvæði - svæði 1, 2 og 3 samþykkt í bæjarstórn xxxx 2016. Í gildandi deiliskipulagi er kvöð um akandi umferð á götu (merkt Húsagata A á uppdraetti) milli lóðanna Auðbrekku 3-5 og Auðbrekku 7. Nær hluti kvaðarinnar u.þ.b fjóra metra inn á lóðamörk Auðbrekku 7 sem nemur þeim hluta kvaðarinnar sem er innan lóðar, en Kópavogsbær mun annast framkvæmdir á götunni í þeim tilgangi. Kópavogsbær mun einnig annast rekstur og viðhald götunnar. Samkvæmt gildandi lóðaleigusamningi fyrir Auðbrekku 7 er heimilt að skerða lóðina að hluta til eða öllu leyti hvenær sem bæjarstjórn telur þess þörf og er talin brýn nauðsyn á breytingunni í þeim tilgangi að framkvæma götutenginguna.

Forsendur og rök fyrir breytingunni:


Til að koma fyrir aðkomu um akandi umferð þar sem kvöð er um í gildandi deiliskipulagi og til þess að færa rekstur og viðhald götunnar til bæjarins.

Tillaga að breytingu:


Í breytingunni felst að minnka lóð Auðbrekku 7 um 4,3 metra á vesturhluta lóðar ásamt hluta af norðvesturhorni hennar, eða samtals 116 m². Lóðin minnkar úr 694 m² í 578 m².

Möguleg umhverfisáhrif: Umhverfisáhrif vegna breytinga á deiliskipulagi eru taldar óverulegar.

- Skýringar**
- Byggingarreitur
 - Bílageymsla í kjallara (byggingarreitur)
 - Lóðamörk
 - Mörk breytinga
 - Breytingar
 - Útlína núv. bygginga



Núverandi staða: Auðbrekka 7 - loftmynd í mkv. 1:500



Eftir breytingu: Auðbrekka 7 - loftmynd í mkv. 1:500

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs þann _____ 2025.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild stjórnartíðinda þann _____ 2025.

Kópavogi, _____ 2025

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi